

125

	Gjöld:	kr. a.	kr. a.
Kostnaður sjóðsins . . . . .		952 20	
Eign til næsta árs . . . . .		251 39	1203 59
7. Suður- Múlasýsla.			
	Tekjur:		
Eign frá f. á. . . . .		764 85	
Niðurjöfnun, 20 a. á hvert hundrað . . . .		1444 80	
Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði . . .		320 00	
Aðrar tekjur . . . . .		220 81	2750 46
	Gjöld:		
Kostnaður sjóðsins . . . . .		2054 40	
Varið til eflingar búnaði . . . . .		400 00	
Eign til næsta árs . . . . .		296 06	2750 46

Íslands Norður- og Austuramt.

Akureyri 19. nóvbr. 1889.

J. Havsteen.

17. des. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu, um styrktarsjóð Eiríks Ólafssonar.** Með þóknanlegu brjefi, dags. 11. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður skýrt mjer frá, að eptir að sýslunefnd Strandasýslu hafi leitað samþykkis yðar á þeirri ráðstöfun hreppsnefndarinnar í Fellshreppi, að stofna nautgripaábyrgðarsjóð fyrir þann hluta af styrktarsjóði Eiríks Ólafssonar, er tjeðum hreppi var ánafnaður við skiptingu Broddaneshrepps, hafið þjer í brjefi dags. 25. okt f. á. neitað samþykkis á slíku fyrirkomulagi, þar sem eigi væri heimild til að verja tjeðum sjóði öðruvísi en samkvæmt skipulagsskránni, sem er staðfest af konungi 18. apríl 1835, og enn fremur úrskurðað, að ekki beri að skipta styrktarsjóðnum milli hinna 2 hreppa, sem hinum forna Broddaneshreppi nú hefur verið skipt í, heldur eigi sjóðurinn óskiptur að koma að notum öllu því sveitarfjelagi, sem nefnt og ákveðið er í skipulagsskránni þ. e. á því svæði, er hinn forni Broddaneshreppur náði yfir áður en honum var skipt, og beri að öðru leyti viðvíkjandi stjórnsjóðsins að hlýða fyrimælum skipulagsskrárinnar. En hlutadeigandi hreppar hafa ekki viljað una þessum málalokum, og hafið þjer, með ofanefndu brjefi yðar 11. þ. m. sent mjer 2 brjef sýslumannsins í Strandasýslu, er flytja meðmæli sýslunefndarinnar í tjeðri sýslu með þeim tilmælum hreppsnefndanna í Fellshreppi og Óspakseyrarhreppi, að jeg felli úrskurð yðar úr gildi að því er skipting sjóðsins snertir, og að því er Fellshrepp áhrærir, samþykki, að tiltölulegum hluta tjeðs hrepps af sjóðnum sje varið til þess að stofna nautgripa-ábyrgðarsjóð fyrir hreppinn.

Útaf þessu skal yður hjer með tjáð. til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að þar sem jeg hlýtt að vera yður samdóma um það, að fylgja beri skipulagsskrá ofanefnds sjóðs, og skipulagsskránni verður eigi breytt nema ef vera skyldi með konungsúrskurði, þá geta ofanefnd tilmæli hreppsnefndanna ekki tekizt til greina; ber því eigi að skipta sjóðnum milli Fellshrepps og Óspakseyrarhrepps sem öðrum eignum Broddaneshrepps, og þar sem Fellshreppi þannig ekki ber neinn sjerstakur, ákveðinn hluti, kemur eigi til greina nein sjerstök ráðstöfun af hans hálfu.

STJÓRNARTÍÐINDIN (deildirnar A, B og C) má panta á skrifstofu landshöfðingja og öllum pósthöfðingjum á landinu. Verð þeirra er 1 kr. árgangurinn, er verður að greiðast fyrirfram um leið og tíðindin eru þöntuð. Eldri árgangar Stjórnartíðindanna, þjer sem enn eru til: kosta heptir 1 kr. 90 a. hver, nema árgangurinn 1874 er kostar 95 aura, og árgangarnir 1886—89 er kosta 1 kr. 25 a. hver.

Stjórnartíðindin eru send kaupendum með póstum. Sje einhverju áfátt við sendinguna, ber viðtaka, ef hann vill mega búast við leiðrjettingu á því, að skýra þeim. er hann pantar tíðindin hjá, frá vöntuninni með næsta pósti eða fyrstu ferð, sem fellur eptir að sendingin kom.

Embættismönnum, hreppstjórum, hreppsnefndaroddivitum og póstaftgreiðslumönnum er skylt að halda þeim Stjórnartíðindum, er þeim eru send kauplaust, saman í góðri reglu, og munu þjer að öðrum kosti verða skyldaðir til að útvega tíðindin eptir á af nýju á elgin kostnað.